

386. fundur velferðarráðs 18. nóvember 2020

22. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá sundurliðun á málum (tilvísunum) sem vísað hefur verið til skólaþjónustu. Óskað er sundurliðun mála í þrjá flokka:

Í fyrsta flokki væru þýngri mál sem krefjast vfirgripsmikillar greiningar á vitsmunabroska WISC (Wechsler vitsmunabroskaþróf) ADHD greiningar, skimunar á Asperger-heilkenni, einhverfu og kvíða- og bunglyndiseinkennum. Hér er um að ræða mál sem fagfólk og foreldrar eru sammála um að nauðsynleg sé að framkvæma til að aðstoða barnið. Þetta er sá hópur sem séð er fyrir að þurfi jafnvel enn ítarlegri greiningu og meðferð á þroska- og hegðunarstöð, Greiningarstöð ríkisins eða Barna- og unglingageðdeild.

Í öðrum flokki væri um að ræða mál sem eru þess eðlis að hægt er að leysa þau innan skólans með fagfólki. Hluti þeirra gætu bó þurft aðkomu barnalæknis til að hægt sé að setja þau í viðeigandi farveg. Gera þarf skimun með því að leggja fyrir kvarða og próf (Kiddie-Sads, ADIS kvíðagreiningarviðtalið, ADHD skimunarlista).

Í þriðja flokki væru tilvísanir þar sem óskað er eftir ráðgjöf sálfræðinga (PMT) og stuðningi við kennara. Hér er um að ræða sálfræðivinnu sem unnin er í samráði við kennara og foreldra. Í þessum flokki er einnig beiðni um námskeið, hópavinnu og fræðslu.